

Svar

menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Sigurjóni Þórðarsyni um Safnahúsið á Sauðárkróki.

1. *Hvað líður endurbótum og viðbyggingu við Safnahúsið á Sauðárkróki sem samkvæmt viljayfirlýsingu um samstarf um fjármögnun og undirbúning menningarhúss í Skagafirði er mennta- og menningarmálaráðherra undirritaði í maí 2018 átti m.a. að miða að því að bæta aðstöðu listsýninga og sviðslista? Hefur verkefnið verið fjármagnað?*

Undanfarið hefur verið unnið að samkomulagi sem áréttar áframhaldandi samstarf um verkefnið og að stofnframlagi verði varið til viðbyggingar og endurbóta á Safnahúsi Skagafirðinga á Sauðárkróki. Stefnt er að undirritun samkomulagsins á næstunni en vinna við áætlanagerð verkefnisins hefur tekið lengri tíma en búist var við. Fjármögnun er að mestu lokið en eftir á að meta áhrif breytinga á nýjustu fjármálaáætlun stjórnvalda.

2. *Hvenær býst ráðherra við að hægt verði að hefjast handa við ráðgerða uppbyggingu?*

Sveitarfélagið Skagafjörður tekur ákvörðun um undirbúning framkvæmda og heldur utan um tilheyrandi útboðsmál. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að hefja þann undirbúning á þessu ári.